

**Nd.**

### **83. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

#### **1. gr.**

Við 33. gr. laganna bætist: Og skal einn þeirra vera aðalbankastjóri. Greini bankastjórana á, ræður meiri hluti. Þó er ályktun meiri hluta bankastjórnar ekki gildandi, ef aðalbankastjóri er henni ekki samþykkur. Aðalbankastjóri getur heldur ekki látið framkvæma það, er hinir bankastjórnarnir báðir eru á móti, en skotið getur hann ágreiningsatriðinu til álits formanns bankaráðs. Sé hann samþykkur aðalbankastjóra um málið, er það lögmæt ákvörðun.

#### **2. gr.**

Við 37. gr. laganna. Orðin: „Bankastjórar hafa að árslaunum . . . dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður“, falli burt, en í stað þeirra komi: Bankastjórar hafa laun eftir því sem ákveðið er í launalögum. Sömu leiðis skulu laun allra fastra starfsmanna bankans ákveðin í launalögum.

#### **3. gr.**

Ákvæði laga nr. 10 15. apríl 1928, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

#### **4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Ákvæði um stundarsakir.**

Ákvæði 1. gr. um verkaskiptingu bankastjóranna koma ekki til framkvæmda á meðan allir núverandi bankastjórar Landsbankans gegna bankastjórastörfum.

#### **Greinargerð.**

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.